

Reglugjörð

60

21. apríl.

um breyting á 2. gr. í reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandar-sýslu um eyðing bandorma í hundum frá 13. apríl 1905.

2. gr. orðist þannig:

Lækning á hundum skulu hreppsnefndir láta fram fara á einum og sama degi í öllum hreppunum, einu sinni á ári hverju, 20. dag nóvembermánaðar, eða ef þetta er helgidagur, þá næsta virkan dag á eftir.

Breyting þessi á reglugjörðinni öðlist gildi 1. dag janúarmánaðar 1910.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu 15. mars 1909.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 21. apríl 1909.

G. Björnsson.

Embættaskipun, lausn og veiting m. m.

a. Lausn.

31. mars var ráðherra Íslands Hannesi Hafstein, kommandör af Dannebrog og Dannebrogsmanni, með allrahæstum úrskurði allramildilegast veitt lausn í náð eftir umsókn frá ráðherraembættinu.

5. maí veitti ráðherrann sóknarpresti í Árnesprestakalli í Strandaprófastsdæmi síra Eyjólfí Jónssyni samkvæmt beiðni hans lausn frá embætti frá fardögum 1909 að telja sökum heilsubreysts, með eftirlaunum samkvæmt lögum.

b. Skipun.

1. mars var 2. kennari við prestaskólann þræp. hon. Eiríkur Briem, k. af Dbr. og Dbrm., allramildilegast skipaður 1. kennari við skólann.

S. d. var bæjarfógetafulltrúi í Reykjavík cand. juris Halldór Kr. Júlíusson allramildilegast skipaður sýslumaður í Strandasýslu frá 1. aprílmánaðar að telja.

13. mars var cand. juris Björn Þórðarson af ráðherranum settur til þess að gegna sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjasýslu fyrst um sinn frá 20. s. m. að telja.

S. d. var síra Sveini Guðmundssyni af ráðherranum veitt Staðarhólsprestakall í Dala-prófastsdæmi.